

REGLUGERÐ um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Með reglugerð þessari eru eftirtaldar heilbrigðisstofnanir sameinaðar og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2009:

- a. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnun Vesturlands* sameinast eftirtaldar stofnanir:
St. Franciskusspítali Stykkishólmi.
Heilsugæslustöðin Búðardal.
Heilsugæslustöðin Borgarnesi.
Heilsugæslustöðin Grundarfirði.
Heilsugæslustöðin Ólafsvík.
- b. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnun Vestfjarða* sameinast eftirtaldar stofnanir:
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík.
- c. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki* sameinast eftirtaldar stofnanir:
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
- d. Undir nafninu *Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð* sameinast eftirtaldar stofnanir:
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði.
Heilsugæslustöðin Dalvík.
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2009.

Heilbrigðisráðuneytinu, 16. júlí 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Vilborg P. Hauksdóttir.